

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Miðvikudaginn 13. júní 2018, kl. 11:45 hjá Framvegis

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Helga Tryggvadóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir.

Dagskrá:

1. Aðalfundur 2018 gekk vel og var mæting eins og undanfarin ár eða um 28 félagsmenn
2. PR mál.
 - a. Klára þarf samning vegna HÍ, greiðsla upp á 280.000. Ingibjörg sendi samninginn í dag þannig að við ættum að fá þetta fljótlega greitt.
3. Ráðstefna IAEVG 2018 Gautaborg, 33 félagsmenn eru að fara. Klára þarf að greiða fyrir ferðina í ágúst. Tómas hjá ÚÚ verður í sambandi við Helgu Lind.
4. Sumarnámskeið sem fagrað framhaldsskóla skipulagði var 4. júní hjá Framvegis. 40 félagsmenn mættu en Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur var með fyrirlestur um ADHD, SEF styrkur greiddi fyrir námskeiðið.
5. Stefnumótunarmál. Nýr starfshópur: Ingibjörg Kr., Helga Tryggva, Arnheiður Gígja, Sigríður T. og Kolbrún. Búið að funda einu sinni. Starfshópurinn fer á fullt í haust með að fá viðtöl við ráðamenn. Hugmynd er um að senda opið bréf til skóla og vekja athygli á að samkvæmt lögum eiga að vera náms- og starfsráðgjafar í öllum skólum landsins.
6. Fundur með námsbraut HÍ vegna stefnumótunar náms- og starfsráðgjafar sem haldinn var mánudaginn 23. apríl. Þurfum að skoða starfslýsingarnar vel. Helga T. setur sig í samband við Sif.
7. Fundur með nýjum nefndum? Hafa einn fund í haust með öllum nefndum til að koma þeim af stað fyrir veturinn. Hefur verið gert áður og reyndist vel.
8. Önnur mál:
 - a. Andlát félagsmanna, þarf að vera ákveðið ferli? Ákveðið var að minnast þeirra sem hafa látast á aðalfundum. Helga Lind sér um að halda utan um þetta.
 - b. Ingibjörg fékk símtal vegna starfsauglýsingar, þrír sóttu um starf, þar af dró einn umsókn sína til baka, ein sem komin var á eftirlaun var með tilskylda menntun og reynslu og var að leita að starfi til eins árs og einn einstaklingur útskrifast í október 2018 en hefur lokið

námi og starfsþjálfun. Spurt var hvort það væri í lagi að ráða einstakling sem hefur lokið formlegu námi en ekki fengið leyfisbréfið. Stjórn telur það í lagi.

- c. Grunnskólaráðgjafar eru að skipuleggja dag náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Ekki er verið að skipuleggja þetta í samráði við fagráð grunnskóla. Flott framtak hjá þessum einstaklingum en ætti að skipuleggja í samráði við fagráð grunnskóla. Systa mun setja sig í samband við skipuleggjendur.
- d. Svanhildur sagði frá að hún er komin í skólamálaráð FF sem er Félag framhaldsskólakennara innan KÍ.

Fundi slitið 12:50

Fundaritari

Svanhildur Svavarsdóttir